

FUNDARGERÐ

153. fundar fræðslunefndar Mýrdalshrepps.

Fundarstaður: Skrifstofa Mýrdalshrepps

Fundartími: Þriðjudagur 19. ágúst 2008 kl. 16:00.

Mættir: Undirritaðir aðalmenn fræðslunefndar ásamt áheyrnarfulltrúum.

Ritari fundarins: Inger Schiöth

Formaður, Björgvin Jóhannesson setti fund og stjórnaði.

Gerðir fundarins:

I. Leikskólinn:

Á fundinn er mætt Halla Ólafsdóttir leikskólastjóri og Salóme Þóra Valdimarsdóttir fulltrúi starfsmanna.

1. Vistunarmál – starfsmannamál

Halla lagði fram greinargerð vegna vistunarmála hjá leikskólanum.

28 börn eru skráð í vistun á leikskólann frá 1. september.

Heildarbarngildi er 43,15 og Grunnstöðugildi 5,39

Þar af leiðir að á leikskólann vantar 1 stöðugildi.

Fræðslunefnd leggur til að ráðið verði 100% stöðu frá 1. september til að fullmanna leikskólann.

2. Önnur mál.

Halla og Salome yfirgefa fundinn

II. Tónskólinn.

Á fundinn er mættur Kristinn J. Níelsson tónskólastjóri

1. Starfsmannamál.

Kristinn upplýsir að hann sé við það að ganga frá ráðningu í 100% stöðu við tónskólann.

2. Önnur mál.

Innritun í tónskólann verður 26. 28. ágúst n.k.

Kristinn yfirgefur fundinn

III. Grunnskólinn

Á fundinn er mætt Kolbrún Hjörleifsdóttir skólastjóri

1. Bréf Skólaskrifstofu Hafnarfjarðar dags. 24. júní og 18. júlí 2008 – ósk um námsvist.

Lagt fram til kynningar.

2. Sérkennsla 2008-2009.

Kolbrún óskar eftir 10 viðbótarstundum til sérkennslu næsta skólaár.

Fræðslunefnd samþykkir erindið fyrir sitt leiti.

3. Námsferð.

Skólastjóri óskar eftir að greiddir verði ½ dagpeningar á hvern starfsmann vegna námsferðar til Minneapolis í október n.k. vegna verkefnisins Uppeldi til ábyrgðar.

Fræðslunefnd tekur jákvætt í beiðnina.

4. Starfsmannamál.

Kolbrún upplýsir að Kolbrún Ósk Guðjónsdóttir aðstoðarskólastjóri komi til starfa í byrjun skólaárs og Elín Einarisdóttir sem gegndi starfi aðstoðarskólastjóra í fæðingarorlofi Kolbrúnar Óskar tekur að sér umsjón 9.og 10. bekkjar.
Hrund Jafetsdóttir kemur til starfa við skólann sem leiðbeinandi.
Einnig upplýsir Kolbrún að enn sé laus staða skólaliða.

4. Önnur mál.

Kolbrún lýsir ánægju sinni með ný leiktæki á skólalóðinni og segir framkvæmdir við verkmenntastofuna séu vel á veg komnar.

Bréf dags. 19. ágúst 2008 frá Unni Þorsteinsdóttur og Kristjáni Kristjánssyni, Dyrhólum, þar sem þau óska eftir að dóttir þeirra fái að stunda nám n.k. vetur í grunnskóla utan lögheimilis sveitarfélags.

Fræðslunefnd samþykkir beiðnina fyrir sitt leiti en leita þarf samþykkis viðkomandi skóla. Greitt er samkvæmt viðmiðunarreglum sambands ísl. Sveitarfélaga. En komi til annar kostnaður vegna skólavistar nemandans skal um það samið sérstaklega.

Björgvin upplýsir fræðslunefnd um að þetta sé hans síðasti fundur á þessu kjörtímabili þar sem hann hverfur til náms á Akureyri næstu 2 ár.

Björgvin þakkar fræðslunefnd og öllu starfsfólki skólanna í Mýrdalshreppi fyrir gott samstarf s.l. 2 ár.

Kolbrún yfirgefur fundinn.

Fundargerðin lesin upp og samþykkt.

Fundi slitið kl: 18:00

_____	_____	_____
Inger Schiöth	Björgvin Jóhannesson Formaður	Andrína G. Erlingsdóttir
_____	_____	_____
	Guðný Sigurðardóttir	Bergþóra Ástþórsdóttir